



Til bæjarráðs

Kópavogi, 12. júní 2025
25031774/502.01 ÁAK

Efni: Tillaga að úthlutun einbýlishúsalóða í þriðja áfanga Vatnsendahvarfs

Þann 8. maí voru opnuð tilboð í einbýlishúsalóðir við göturnar Sólarhvarf, Skýjahvarf, Skyggnishvarf og Skírnishvarf í Vatnsendahvarfi. Í þessum áfanga voru í boði 26 einbýlishúsalóðir og bárust tilboð frá tíu aðilum. Ekki tókst því að úthluta öllum þeim lóðum sem stóðu til boða.

Farið var yfir fylgigögn þeirra tilboðsgjafa sem til greina kom að úthluta til og uppfylltu allir hæfisskilyrði.

Samkvæmt úthlutunarskilmálum getur hver aðili aðeins fengið úthlutað einni einbýlishúsalóð. Í skilmálum er áskilinn sá réttur að við val tilboða sé litið til þess að úthluta lóðum á sem hagstæðastan hátt fyrir Kópavogsbæ. Þetta þýðir að hafi aðili gert jafn há tilboð í nokkrar lóðir er við úthlutun tekið mið af upphæð tilboðanna sem koma næst á eftir.

Miðað við framangreindar forsendur er lagt til við bæjarráð að gera tillögu til bæjarstjórnar um að einbýlishúsunum í þriðja áfanga Vatnsendahvarf verði úthlutað á eftirfarandi máta:

1. **Að lóðinni Sólarhvarfi 1 verði úthlutað til Birgis Rafns Reynissonar og Láru Guðjónsdóttur.**

Aðilar buðu kr. 27.790.000 fyrir byggingarréttinn og áttu hæsta tilboð í lóðina.

2. **Að lóðinni Sólarhvarfi 15 verði úthlutað til Fjólu Rutar Svavarsdóttur og Guðmundar Hansen Gíslasonar**

Aðilar buðu kr. 29.150.110 fyrir byggingarréttinn og áttu hæsta tilboð í lóðina.

3. **Að lóðinni Skýjahvarfi 2 verði úthlutað Magnúsar B. Þórðarsonar og Margrétar G. Jónsdóttur**

Aðilar buðu kr. 27.000.000 fyrir byggingarréttinn og áttu hæsta tilboð í lóðina.

4. **Að lóðinni Skýjahvarfi 8 verði úthlutað til Einars Péturssonar-Staalskjöld og Tinnu Garðarsdóttur.**

Aðilar buðu kr. 27.000.000 fyrir byggingarréttinn og áttu hæsta tilboð í lóðina.



5. Að lóðinni Skýjahvarfi 10 verði úthlutað til Birnu Eiríksdóttur og Júlíusar M. Jónassonar

Aðilar buðu kr. 27.305.123 fyrir byggingarréttinn og áttu annað hæsta tilboð í lóðina.

6. Að lóðinni Skyggnishvarfi 16 verði úthlutað til Þorsteins H. Kristvinssonar og Sóleyjar Stefánsdóttur

Aðilar buðu kr. 28.101.800 fyrir byggingarréttinn og áttu hæsta tilboð í lóðina.

7. Að lóðinni Skírnishvarfi 1 verði úthlutað til Viðars Einarssonar.

Tilboðið kr. 24.550.000 er fjórða hæsta tilboðið í lóðina.

8. Að lóðinni Skírnishvarfi 9 verði úthlutað til Gunnars Gunnarssonar og Hiu Yan Lau.

Aðilar áttu fjórða hæsta tilboð í lóðina að fjárhæð kr. 24.500.000

Samþykki bæjarstjórn Kópavogs tilboð í tiltekna lóð er gefinn út reikning sem nemur fjárhæð tilboðs. Gjald dagi og eindagi reikninga fyrir samþykkt tilboðsfjárhæð skal vera 30 dögum eftir útgáfu þeirra. Gatnagerðargjöld og önnur tengd gjöld eru innheimt við samþykkt á byggingaráformum í samræmi við gildandi gjaldskrá, hverju sinni.

Greiði tilboðsgjafi ekki reikning á gjalddaga er Kópavogsbæ heimilt að rifta kaupunum og skal þá lóðin boðin þeim sem átti næst hæsta tilboð í viðkomandi lóð. Bæjarráði er þó heimilt að bjóða aftur út lausar lóðir séu þrír mánuðir liðnir frá opnum tilboða.

Úthlutun lóðar öðlast ekki gildi fyrr en gengið hefur verið frá greiðslu og telst tilboðsgjafi þá lóðarhafi og lóðarleigusamningur gefinn út í kjölfarið. Lóðarhafi ber kostnaðinn af þinglýsingu lóðarleigusamningsins.

Virðingarfyllt,
f.h. bæjarritara

Ása A Kristjánsdóttir
yfirlögfræðingur

